

Stjórnarfundur no 2, 2013/2014

Ár 2013 þriðjudaginn 23. apríl komu stjórn og varastjórn til fundar í fundarherbergi félaganna á 3ju hæð Skipagötu 14. Fundurinn hófst kl. 18.30. Undirritaðir sátu fundinn. Formaður Úlfhildur Rögnvaldsdóttir setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

Þetta gerðist:

1. Bréf frá stjórn húsfélagsins Mánatúni 3-5 dags. 5. apríl 2013

Þar er farið fram á að stéttarfélögin greiði 50% aukagjald í hússjóð vegna aukins álags á sameign vegna þess mikla fjölda sem nýtir þessar íbúðir.

Samþykkt að svara þessu bréfi og hafna þessari beiðni.

2. Málefni Stapa lífeyrissjóðs.

Rætt var um málefni lífeyrissjóðanna og tillögur aðildarfélaganna um reglugerðargreytingar á ársfundi Stapa 16. maí nk.

3. Orlofsbyggðin Illugastaðir

Aðalfundur 6. maí n.k. FVSA má tilnefna 3 fulltrúa á fundinn.

Samþykkt að Úlfhildur Rögnvaldsdóttir og Einar Hjartarson sitji fundinn.

4. Málefni LÍV

Rætt var um málefni LÍV vegna formannaskipta hjá VR, en fyrrverandi formaður VR er formaður LÍV.

5. Sameiginleg heimasíða stéttarfélaganna. Eiður Stefánsson kynnti hugmyndir að nýrri heimasíðu stéttarfélaganna á 3ju hæð, stettey.is

Búið er að gera grunnhugmyndir að síðunni.

6. Önnur mál

Rætt var um starfsemi Virk

Eiður sagði frá aðalfundi Símeysjar

Einar Hjartarson sagði frá aðalfundi Fjölsmiðjunnar

Eiður kom með tillögu um að selja hús nr 12 á Illugastöðum og jafnvel byggja annað stærra í staðinn.

Samþykkt að kanna með sölumöguleika.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Sign: Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, Einar Hjartarson, Eiður Stefánsson, Anna María Elíasdóttir, Sigríður Stefanía Stefánsdóttir, Jón G Rögnvaldsson, Árni Þorvaldsson, Hildur Tryggvadóttir, Eydís Bjarnadóttir, Kristín Þorgilsdóttir ritaði fundargerð.